

GJALDSKRÁ fyrir fráveitugjald í Tálknafjarðarhreppi.

1. gr.

Hreppsnefnd Tálknafjarðarhrepps innheimtir gjald fyrir fráveitu í Tálknafjarðarhreppi skv. gjaldskrá þessari og samþykkt um gatnagerðargjald, stofngjald vatnsveitu og fráveitu, byggingarleyfis-, afgreiðslu- og þjónustugjöld tæknideildar í Tálknafjarðarhreppi.

2. gr.

Álagningarástofn fráveitugjalds skal vera fasteignamat húsa, mannvirkja, lóða og landa, samkvæmt lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 6/2001, með síðari breytingum. Fráveitugjald skal nema 0,30% af álagningarástofni. Sé ekkert mannvirki á lóð greiðist ekki fráveitugjald. Gjalddagar fráveitugjalds skulu vera þeir sömu og hreppsnefnd ákveður fyrir fasteignaskatt og skal innheimtu þess hagað á sama hátt og innheimtu fasteignaskatts.

3. gr.

Gjöld skv. gjaldskrá þessari má taka lögtaki og má gera lögtak í hinni skattskyldu eign án tillits til eigendaskipta. Njóta gjöldin lögveðréttar í lóð og mannvirkjum næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

4. gr.

Gjaldskrá þessi var samþykkt af hreppsnefnd Tálknafjarðarhrepps 12. desember 2012 samkvæmt 15. gr. laga um uppbyggingu og rekstur fráveitna nr. 9/2009 og 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 og öðlast þegar gildi.

Tálknafirði, 28. janúar 2013.

Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir oddviti.

B-deild – Útgáfud.: 11. febrúar 2013